

**Sjúkratryggingar Íslands**  
08 202

**Ársreikningur 2025**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	<b>6</b>
Skýringar .....	<b>7</b>

**Sjúkratryggingar Íslands**

**kt. 480408-0550**

**Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Sjúkratryggingar Íslands er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um sjúkratryggingar. Stofnunin annast framkvæmd sjúkratrygginga og jafnframt semur hún um og greiðir fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt nánari stefnumörkun ráðherra.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 2.549,6 milljónir og afkoma kr. -77,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -28,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 332,3 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárákalogum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innlétt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir eru í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárákalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áfallnar og skilyrtar, þar á meðal ábyrgðir sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samninga, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Sjúkratrygginga Íslands fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	2.396.600.000	2.302.100.000
Sala á vöru og þjónustu .....	3	10.968.195	9.042.595
Framlög, gjafir og aðrar tekjur .....	4	116.685.481	3.550.697
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	25.319.476	27.034.400
<b>Tekjur samtals</b>		<b>2.549.573.152</b>	<b>2.341.727.692</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	1.825.632.436	1.642.547.353
Annar rekstrarkostnaður .....	6	774.048.182	653.170.547
Afskriftir og niðurfærslur .....	7	25.319.476	27.034.400
<b>Gjöld samtals</b>		<b>2.625.000.094</b>	<b>2.322.752.300</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(75.426.942)</b>	<b>18.975.392</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármagnsgjöld .....		(2.002.496)	(17.788)
Gengishagnaður, nettó gengisáhrif .....		0	(1.396)
	8	(2.002.496)	(19.184)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(77.429.438)</b>	<b>18.956.208</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....		(77.429.438)	18.956.208
		(77.429.438)	18.956.208

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	9	18.102.990	36.733.902
Skammtímakröfur .....	10	32.349.608	17.547.968
Tengdir aðilar .....	11	196.689.727	236.579.382
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	12	73.269.414	36.664.930
Óefnislegar eignir .....	13	11.883.512	48.710.216
<b>Eignir samtals</b>		<u>332.295.251</u>	<u>376.236.398</u>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	14	246.683.207	206.365.573
Tengdir aðilar .....	11	25.116.645	15.560.289
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....		89.170.278	105.555.977
<b>Skuldir samtals</b>		<u>360.970.130</u>	<u>327.481.839</u>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		(28.674.879)	48.754.559
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....		(28.674.879)	48.754.559
<b>Eigið fé samtals</b>	15	<u>(28.674.879)</u>	<u>48.754.559</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>332.295.251</u>	<u>376.236.398</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(77.429.438)	18.956.208
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	25.319.476	27.034.400
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(25.319.476)	(27.034.400)
Söluhagnaður (-tap) varanlegra rekstrarfjármuna .....		686.223	0
		<u>(76.743.215)</u>	<u>18.956.208</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Skammtímakröfur .....		(14.801.640)	(6.998.474)
Tengdir aðilar .....		33.282.532	(65.159.297)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		40.317.634	17.305.674
		<u>58.798.526</u>	<u>(54.852.097)</u>
		<u>(17.944.689)</u>	<u>(35.895.889)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna, verk í vinnslu .....	13	25.346.525	(25.346.525)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	12	(5.602.648)	(6.472.644)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu .....	12	(45.527.356)	
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	12	2.033.777	0
		<u>(23.749.702)</u>	<u>(31.819.169)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		23.063.479	31.819.169
		<u>23.063.479</u>	<u>31.819.169</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(18.630.912)	(35.895.889)
		<u>36.733.902</u>	<u>72.629.791</u>
		<u>18.102.990</u>	<u>36.733.902</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025 .....	2.362.300.000	0	6.900.000	2.369.200.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>2.362.300.000</b>	<b>0</b>	<b>6.900.000</b>	<b>2.369.200.000</b>
Launabætur .....	7.500.000	0	0	7.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	26.800.000	0	0	26.800.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>2.396.600.000</b>	<b>0</b>	<b>6.900.000</b>	<b>2.403.500.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað) .....	3.754.559	45.000.000	20.180.831	68.935.390
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>2.400.354.559</b>	<b>45.000.000</b>	<b>27.080.831</b>	<b>2.472.435.390</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(2.474.029.438)	0	(23.063.479)	(2.497.092.917)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2025 .....</b>	<b>(73.674.879)</b>	<b>45.000.000</b>	<b>4.017.352</b>	<b>(24.657.527)</b>

### Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	85.152.926	85.375.146
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	4.017.352	20.180.831
	<b>89.170.278</b>	<b>105.555.977</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stað í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almenn er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.



## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað
Fasteignir, skip, flugvélar og fleira .....	10-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Skammtíma kröfur

Skammtíma kröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum

### Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2025	2024
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2.396.600.000	2.302.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	25.319.476	27.034.400
	<u>2.421.919.476</u>	<u>2.329.134.400</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádrögnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	2.362.300.000	0	0	2.362.300.000
Launabætur .....	7.500.000	0	0	7.500.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	26.800.000	0	0	26.800.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>2.396.600.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2.396.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádrögnum sértekjum .....	(2.474.029.438)	0	0	(2.474.029.438)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(77.429.438)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(77.429.438)</b>

### 3 Sala á vöru og þjónustu

Veitinga- og gistiþjónusta .....	10.968.195	9.042.595
	<u>10.968.195</u>	<u>9.042.595</u>

### 4 Framlög, gjafir og aðrar tekjur

Framlög frá öðrum ríkisaðila í A1 hluta .....	11.500.000	0
Ýmsar aðrar tekjur .....	105.185.481	3.550.697
	<u>116.685.481</u>	<u>3.550.697</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.462.980.911	1.322.629.362
Breyting á áföllu orlofi .....	14.250.059	467.643
Launatengd gjöld .....	324.370.564	297.940.793
Samtals launakostnaður .....	1.801.601.534	1.621.037.798
Starfsmannakostnaður .....	24.030.902	21.509.555
	<u>1.825.632.436</u>	<u>1.642.547.353</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	127,7	127,9
------------------------------	-------	-------

## Skýringar

6 Annar rekstrarkostnaður	2025	2024
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.134.673	960.936
Tæki og búnaður til innréttinga .....	25.269	977.174
Ýmis tæki og áhöld .....	5.448.428	4.164.345
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	989.577	998.329
Orkugjafar .....	7.581.394	8.682.993
Matvæli .....	52.002.415	42.733.635
Almennar rekstrarvörur .....	2.859.533	3.149.387
Vörukaup, almenn	70.041.289	61.666.799
Ýmsar sérgreindar vörur .....	0	94.761
Vörukaup, sérgreind	0	94.761
Fundir, námskeið, risna .....	2.145.622	1.538.432
Ferðir, uppihald .....	3.115.813	2.399.406
Akstur .....	537.613	903.839
Sérfræðiþjónusta .....	304.408.330	222.960.057
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	4.092.425	(4.161.850)
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	2.873.281	4.049.266
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	18.681.593	17.604.476
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	335.854.677	245.293.626
Samningsbundin kaup og leiga .....	5.879.061	5.668.806
Afnotagjöld .....	128.809.056	115.809.694
Leigugjöld .....	206.981.079	198.056.393
Notkun véla og flutningatækja .....	642.339	1.490.856
Verkkaup .....	17.780.787	16.738.905
Kostnaðarhlutdeild .....	7.922.978	7.999.221
Áhættutap og bætur .....	151.093	0
Tryggingar, lögboðnar .....	(26.343)	163.508
Opinber gjöld .....	12.166	187.978
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	368.152.216	346.115.361
Annar rekstrarkostnaður samtals	774.048.182	653.170.547
<b>7 Afskriftir og niðurfærslur</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Áhöld, tæki og búnaður .....	13.617.429	14.743.129
Farartæki og vélar .....	221.868	673.768
Úreldar eignir .....	0	137.324
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	11.480.179	11.480.179
	25.319.476	27.034.400
<b>8 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
Gengishagnaður, nettó gengisáhrif .....	0	(1.396)
Dráttarvextir .....	(2.002.496)	(17.788)
	(2.002.496)	(19.184)

## Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
<b>9 Handbært fé</b>		
Innlendar bankainnistæður .....	18.102.990	36.733.902
	<u>18.102.990</u>	<u>36.733.902</u>
	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>

### 10 Skammtímafröfur

Viðskiptakröfur .....	20.252.108	373.850
Skammtímafröfur .....	11.942.568	17.174.118
Skammtímafröfur á erlenda aðila .....	154.932	0
	<u>32.349.608</u>	<u>17.547.968</u>

	31.12.2025	31.12.2024
<b>11 Tengdir aðilar</b>		

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	71.035.719	233.937.142
Kröfur á tengda aðila .....	125.654.008	2.642.240
Skuldir við tengda aðila .....	(25.116.645)	(15.560.289)
	<u>171.573.082</u>	<u>221.019.093</u>

Inni í kröfum á tengda aðila er krafa vegna sektar sem SJTR hafa greitt þó að óvissa ríki um endanlegt réttmæti sektarinnar. SJTR hafa höfðað mál sem m.a. felur í sér kröfu um niðurfellingu sektarinnar. Þá er óljóst hvort sektin skuli falla á fjárlagalið 08-202 eða 08-206.

	31.12.2025	31.12.2024
<b>12 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	27.255.865	35.270.646
Farartæki og vélar .....	486.193	1.394.284
	<u>27.742.058</u>	<u>36.664.930</u>
Verk í vinnslu.....	45.527.356	0
	<u>73.269.414</u>	<u>36.664.930</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025 .....	143.627.809	6.542.517	0	0	150.170.326
Viðbætur á árinu .....	5.602.648	0	0	0	5.602.648
Selt/úrelt á árinu .....	(2.417.256)	(5.355.852)	0	0	(7.773.108)
	<u>146.813.201</u>	<u>1.186.665</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>147.999.866</u>
Afskriftir 01.01.2025 .....	108.357.163	5.148.233	0	0	113.505.396
Afskrift ársins .....	13.617.429	221.868	0	0	13.839.297
Selt/úrelt á árinu .....	(2.417.256)	(4.669.629)	0	0	(7.086.885)
	<u>119.557.336</u>	<u>700.472</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>120.257.808</u>
Staða 31.12.2025 .....	<u>27.255.865</u>	<u>486.193</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>27.742.058</u>

## Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
<b>13 Óefnislegar eignir</b>		
Hugbúnaður .....	11.883.512	23.363.691
	<u>11.883.512</u>	<u>48.710.216</u>
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2025:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 01.01.2025 .....		<u>57.400.905</u>
		57.400.905
Niðurfært 01.01.2025 .....		34.037.214
Niðurfærsla ársins .....		<u>11.480.179</u>
		45.517.393
Staða 31.12.2025 .....		<u>11.883.512</u>
	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>14 Aðrar skuldir</b>		
Áfallið og ógreitt orlof .....	163.443.175	149.193.116
Viðskiptaskuldir .....	57.940.032	47.172.457
Ýmsar skuldir .....	25.300.000	10.000.000
	<u>246.683.207</u>	<u>206.365.573</u>
<b>15 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;		
	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	48.754.559	29.798.351
Afkoma ársins .....	(77.429.438)	18.956.208
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(28.674.879)</u>	<u>48.754.559</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.